

Nr. 20-041 S 028 Jón á Hofi ÁR 42***Skipverji slasast á kvið***

Skipaskr.nr. 1645
 IMO: 8303408
 Smíðaður: Akranesi, 1983, stál.
 Útgerð: Rammi hf.
 Stærð: 497 bt.
 Mesta lengd: 38,99 m Skráð lengd: 36,10 m
 Breidd: 8,10 m Dýpt: 6,25 m
 Vél: Bergen Diesel, 729 kW, 1982.
 Fjöldi skipverja: 9



Jón á Hofi©Arinbjörn Eiríksson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. október 2020 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. mars 2020 var Jón á Hofi ÁR 42 á humartrolli á SV miðum. Veður: NV 5-7 m/sek.

Skipverjar höfðu verið að bæta trollið og voru síðan að láta það fara. Einn þeirra var að draga út leiðarann (dauðalegginn) þegar lás slóst í síðu hans og einnig netahníf (*sjá mynd*) sem hann var með í stórum vasa undir yfirhöfn. Við þetta stakkst hnífurinn illa í kviðarhol hans vinstra megin. Óskað var eftir þyrllu með lækni og var slasaði fluttur í land með henni en skipið hélt áleiðis til Þorlákshafnar.



Mynd Netahnífur

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa gleymt því að hnífurinn var óvarinn í vasanum. Venjan hafi verið sú að vera með slíðurbelti fyrir þessa hnífa en þetta var í eina skiptið sem hann var ekki með það. Smá rifa kom í ljós á trollinu þegar þeir voru að láta það fara sem hlaupið var til að laga. Um hafi verið að ræða fljótfærni og hugsunarleysi;
- að slasaði var mjög vanur til sjós og hafði verið á þessu skipi í rúmlega hálf t. á. Hann þurfti að fara í stóra aðgerð á kviðarholi;
- að ekki var starfandi öryggisnefnd um borð eins og skylt er.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur ljóst að um alvarlegt atvik var að ræða og viðbrögð áhafnar verið rétt.